

Rektor setti fund kl. 9.00.

Mættir voru auk hans:

Aðalheiður Ámundadóttir fulltrúi nemenda HA  
Baldur Örn Guðnason fulltrúi menntamálaráðuneytis  
Helga Hlín Hákonardóttir fulltrúi háskólaráðs  
Páll Skúlason fulltrúi háskólaráðs  
Þóroddur Bjarnason fulltrúi kennara

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors  
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri  
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Edward Hujbens forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála  
Hans Kristján Guðmundsson deildarforseti viðskipta- og raunvísindadeildar  
Pétur Dam Leifsson lektor  
Sigurður Kristinsson deildarforseti hug- og félagsvísindadeildar

---

Ólöf Nordal fulltrúi menntamálaráðuneytis boðaði forföll.

Rektor kynnti dagskrá.

**1. Fundargerð síðasta fundar**

0810667

Fundargerð 272. fundar háskólaráðs var borin upp og samþykkt.

**2. Rekstraryfirlit HA janúar – nóvember 2008**

0804042

Úlfar dreifði og skýrði út rekstraryfirlitið. Rekstrarkostnaður kennsludeilda og stoðþjónustu er kr. 1.151.717. Þar af kr. 663.655 eða 91.95% af áætlun vegna kennsludeilda og kr. 488.062 eða 93.22% vegna stoðþjónustu. Miklar líkur eru á að heildarniðurstaða ársins verði í samræmi við áætlun.

Úlfar dreifði einnig skjali, áætlaðan kostnað við kennslu pr. nemenda í háskólanum. Skýrði hann út reiknilíkan menntamálaráðuneytis, og ennfremur að það samsvarar ekki algerlega þeim reikniflokkum sem háskólinn notar sjálfur við gerð rekstraráætlana.

Þóroddur óskaði eftir að fá yfirlit yfir fjölda nemenda pr. námskeið í öllum skólanum.

**3. Frumvarp til fjárlaga 2009, undirbúningur rekstraráætlunar HA 2009**

0901016

Rektor greindi frá því að eftir aðra umræðu um gerð fjárlaga á Alþingi er ljóst að framlag til háskólans er skorið niður um 127.5 m. kr., þar af er 102.5 m. kr. lækkun rannsóknarframlags (samningur við menntamálaráðuneyti frá 2007) sem er frestað.

Ólafur sagði að draga þyrfti úr kostnaði við rekstur háskólans um sem nemur 80 m. kr. miðað við óbreyttan rekstur árið 2009 og þær verðlagsforsendur sem gengið er út frá. Sagði rektor sín fyrstu viðbrögð vera að verja störf við háskólann.

Rektor bar fram eftirfarandi tillögu sem var samþykkt:

„Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2009 kemur fram að útgjöld til Háskólans á Akureyri eru skorin niður um 127,5 mkr. eða 8,8%. Háskólaráð felur framkvæmdastjórn að gera tillögur að rekstraráætlun fyrir árið 2009 þar sem stefnt verði að því að mæta fyrirhuguðum niðurskurði án þess að segja upp starfsfólki.“

Umræður urðu um ágalla á reiknilíkani menntamálaráðuneytisins. Töldu fundarmenn æskilegt að rektorar hefðu samráð um námsframboð háskólanna sem lið í hagræðingu í íslenskum háskólum.

**4. Yfirlit um stjórnskipulag HA**  
"[málsnúmer]"

**5. Auglýsing á starfi rektors**  
0901004

Rektor gerði grein fyrir skjalinu *Starf rektors Háskólans á Akureyri auglýst*. Umræður urðu um tilhögun auglýsingar og störf dómnefndar vegna umsókna. Ákveðið var að fara eftir ákvæðum 5. gr. Reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 466/2007, en að í auglýsingu verði orðalag nýju reglnanna (Reglur fyrir Háskólann á Akureyri, 5. gr., uppkast 12. des. 2008). Þá áskilji háskólaráð sér rétt til að leita álits um umsækjendur hjá háskólafundi, og rétt til að hafna öllum umsóknum. Endanleg auglýsing um starf rektors verður samþykkt með tölvupósti milli funda. Baldur vék af fundi.

**6. Drög að handbók og samningi um meistaranám í ferðamálafræði við HA**  
0901005

Edward Hujbens og Hans Kristján komu á fund og bauð rektor þá velkomna. Þeir útskýrðu að um er að ræða samstarf HA, HÍ og Háskólans á Hólum. Námið er m.a. ætlað aðilum í ferðaþjónustu. Það er lotunám sem skiptist milli skólanna en umsýsla verður hjá HA. Í staðinn verður lagt niður grunnám með áherslu á ferðamál í viðskipta- og raunvísindadeild. Háskólaráð fagnar tillögum að MTA námi í ferðamálafræði. Rektor mun leita leiða til að afla nauðsynlegs fjármagns svo að námið geti hafist á haustmíssi 2009. Hann þakkaði Edward og Hans Kristjáni fyrir og þeir viku af fundi.

**7. Stjórnskipulag hug- og félagsvísindadeildar HA**  
0901008

Sigurður Kristinsson kom á fund og bauð rektor hann velkomin. Sigurður gerði grein fyrir *Stjórnskipulagi hug- og félagsvísindadeildar* sem samþykkt var á deildarfundi 19. nóv. 2008 ásamt vinnuþlaggi að starfslýsingum brautarstjóra og skorarformanns. Framkvæmdastjórn fjallaði um málið á fundi 11. desember.

Háskólaráð ákvað að bæta við aðra málsgrein 5. gr. Stjórnskipulagsins að fulltrúi nemenda ætti seturétt, tillögurétt og atkvæðisrétt á skorarfundum. Háskólaráð samþykkti *Stjórnskipulag hug- og félagsvísindadeildar*.  
Rektor þakkaði Sigurði fyrir sem vék af fundi.

**8. Breytingar á reglum Háskólans á Akureyri**

*0901029, 0901030*

Pétur Dam kom á fund og bauð rektor hann velkominn.

Pétur kynnti *Reglur fyrir Háskólann á Akureyri (uppkast þann 12. des. 2008 að nýjum reglum.)* Umræða varð um skilgreiningar og hugtakanotkun. Rektor frestaði málinu til næsta fundar.

**9. Erindi frá Umboðsmanni Alþingis.**

*0711049*

Ólafur greindi frá að umsækjandi um auglýst störf við kennslusvið HA 2007 hefði leitað til Umboðsmanns Alþingis. Niðurstaða umboðsmanns er að ekki er ástæða til að endurskoða val á umsækjendum í störfun.

**10. Umsögn um tillögu að breytingum um Rannsóknasjóð HA**

*0806060*

Þóroddur gerði grein fyrir umsögn sinni um tillögur Vísindaráðs að nýjum reglum um rannsóknasjóð HA. Háskólaráð samþykkti umsögnina.

Rektor óskaði fundarmönnum gleðilegra jóla.  
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.50.